

Sauðfjárfata



Um Sauðfjárfötu

Sauðfjárfatan er bætiefnafata sem er sérstaklega ætluð íslensku sauðfé og er auðug af lífsnauðsynlegum stein- og snefilefnum.

Fatan inniheldur AO-mix, blöndu náttúrulegra andoxunarefna sem minnka efnaskiptaálag á frumur þegar efnaskipti eru hröð, t.d. á seinnihluta meðgöngu og um burð. Getur dregið úr líkum á algengum kvillum á sauðburði s.s. júgurbólgu, súrdoða og doða. Seleninnihald getur haft jákvæð áhrif á selenforða í lömbum við burð.

Í samspili við E-vítamín og selen hefur andoxunarblandan jákvæð áhrif á frjósemi, heilbrigði og ónæmiskerfi fjárins. Hagstæð hlutföll kalsíums, magnesíums og fosfórs sem eru til þess fallin að minnka líkur á stoðkerfisvandamálum og doða við burð.

Sauðfjárfatan inniheldur engin erfðabreytt hráefni.

Notkun

50 g/grip á dag.

Hentar öllu sauðfé í aðdraganda fengitíðar og á undirbúningstímabilinu fyrir sauðburð og á mjaltaskeiði áa.

Heppilegt er að nota eina fötu fyrir hverjar 20 kindur.

Sauðfjárfatan er hentug til notkunar bæði innan- og utandyra.

Nettóþyngd: 20 kg

20 kg fata

Vnr. 84620

Innihald

Melassi, díkalsíumfosfat, natríumklóríð, magnesíumoxíð, magnesíumfosfat, kalsíumoxíð.

Greiningarþættir (pr. kg)

Kalsíum 100 g, fosfór 60 g, magnesíum 70 g, natríum 50 g.



Geymsluþol:

12 mánuðir frá framleiðsludegi
Geymist á þurrum og köldum stað.

Aukefni (pr. kg)

Snefilefni:

Joð (3b202) kalsíumjoðat, vatnsfirrt	315 mg
Járn (E1) járn-súlfat, einvatnað	6452 mg
Mangan (3b502) mangan(II)oxíð	2419 mg
Sink (3b603) sinkoxíð	6944 mg
Selen (3b801) natríumselenít	67 mg
Kóbalt (3b304) húðað kornað kóbal(II)karbónat	120 mg

Vítamín:

A-vítamín (3a672a)	300.000 AE
D3-vítamín (3a671)	80.000 AE
E-vítamín (3a700)	1.000 AE

Bragðefnasambönd:

E-vítamín ígildi (AO-Mix)	1.000 AE
---------------------------	----------